


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	<b>SAGXS24</b>	<b>Námsáætlun – haustönn 2015</b>
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er fengist við lestur og lesskilning í tengslum við ýmislegt úr íslenskri menningarsögu s.s. Íslendingasögur, goðafræði, þjóðsögur/þjóðhætti og sögu einstakra byggðalaga og atburða.

**Markmið:** Að auka og efla...

þekking: samfélags- og menningarsögulega kunnáttu

þekkingu á sögulegum staðreyndum og atburðum á Íslandi

leikni: lestrarfærni, orðaforða, munnlega tjáningu, hlustun og leikni í að tengja

þekkingu sína við daglegt líf

hæfni: að geta:

lesið/hlustað sér til gagns og ánægju

tekið þátt í samræðum og rökræðum

hlustað á og virt mismunandi lífsgildi og sjónarmið

haft trú á eigin getu

**Námsgögn:** á þessari önn;

*Öldin okkar 1996-2000* (Reykjavík, Iðunn, 2010)

*Laxdæla* e. Brynhildi Þórarinsdóttur (Reykjavík, Mál og menning, 2006)


þessar bækur þarf ekki að kaupa, lánaðar í skólanum.

Vinnubækur/verkefni sem kennari útbýr jafnóðum.

Kvikmyndir tengdar víkingatímanum og Íslendingasögunum (tilkynnt síðar)

**Nemendur komi með þunna plastmöppu til að safna saman verkefnum.**

**Áætlun um yfirferð og verkefni:** Í kennslustundum samlesa nemendur og kennari úr bókunum stutta kafla í einu og nemendur vinna verkefni úr efninu jafnóðum. Byrjað verður á *Öldinni okkar*. Lagt verður upp úr samræðum og hugleiðingum um efnið. Nemendur geyma verkefnið í skólanum og safna þeim saman í vinnubók sem metin verður í annarlok.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	<b>SAGXS24</b>	
Síða 2 af 2	<b>Námsáætlun – haustönn 2015</b>	

**Námsmat og vægi námsþátta:**

**Áfanginn er próflaus símatsáfangi og metinn með staðið S eða fallið F. Til að standast áfangann S þarf nemandinn að hafa skilað og tekið þátt í 50% verkefnanna.**

Öldinni okkar, verkefnaskil og þátttaka í samræðum	30%
Laxdæla, verkefnaskil og þátttaka í samræðum	30%
Tvö krossapróf úr Laxdælu	20%
Þátttaka í vídeóskjali úr Laxdælu	10%
Ástundun og virkni í kennslustundum	10%

**Annað sem kennari vill að komi fram:**

Með samlestri er átt við að kennari og nemendur skiptast á að lesa í kennslustundum eftir því sem kostur er, allir eru með bók og fylgjast með. Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu og nemendur eru því eindregið hvattir til að mæta vel í kennslustundir.

**Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils